


28. SEPTEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina

LITLI TÓNSPROTINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 28. SEPTEMBER KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins

hljómsveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson

sögumaður

Hallfríður Ólafsdóttir

höfundur

Þórarinn Már Baldursson

myndir

Sigrún Ásta Kolbeins

Maxímús Músíkús

Maurice Ravel

Bóleró

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5, fyrsti þáttur

Aaron Copland

Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara

Sigvaldi S. Kaldalóns

Á Sprengisandi

Hallfríður og Tóti

Lagið hans Maxa



Maxímús Músíkús er forvitin lítil mús sem býr í tónlistarhúsinu Hörpu og er í raun eina veran sem á lögheimili í þessu stóra húsi. Maxi hefur mikinn áhuga á tónlist og finnst, að tónlist sé það besta í öllum heiminum.

Um tónverkin

Bóleró eftir franska tónskáldið Maurice Ravel er byggt á síendurteknu stefi við trommuhryn sem á rætur sínar að rekja til spænska dansins bolero. Verkið hefst á leik örfárra hljóðfæra en smátt og smátt bætast fleiri í hópinn og undir lokin er öll hjómsveitin farin að leika saman.



Stef **fyrsta þáttar úr Örlagasinfóníunni** eftir Ludwig van Beethoven er sennilega frægasta stef allra tíma og hefur verið líkt við óþreyjufullt bank örlöganna sem knýja á dyr hjá tónskáldinu.

Beethoven hafði verið að tapa heyrn smám saman en var búinn að missa hana alveg þegar hann samdi þessa sínfóníu. Hann gat heyrt tónlistina inni í höfðinu og samdi heilmörg tónverk eftir þetta.

Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara eftir bandaríska tónsmiðinn Aaron Copland er lúðrakall til heiðurs venjulegu fólki en áður fyrir voru lúðragjöll samín til heiðurs kóngum og aðalsfólki.

Á Sprengisandi eftir Sigvalda S. Kaldalóns er eitt vinsælasta sönglag þjóðarinnar. Það er oft leikið sem aukalag á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sérstaklega á tónleikaferðalögum og vekur hvarvetna mikla hrifningu enda frábærlega útsett af fyrrum liðsmanni Sinfóníunnar, Páli Pampichler Pálssyni.

Lagið hans Maxa varð til eitt síðkvöld við píanóið. Hallfríði fannst nafnið hans Maxa skoppa svo skemmtilega að allt í einu var orðið til lag. Þau Haffi og Tóti hnoðuðu saman textanum sem fjallar um ævintýri Maxa í tónlistarhúsinu og í lok tónleikanna fá tónleikagestir að syngja lagið með Sinfóníuhljómsveitinni.



Á döfinni í Litla tónsprotanum



Jólatónleikar

14. og 15. desember 2024 kl. 14 og 16

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru tilvaldir fyrir jólabörn á öllum aldri og verða með dálítið þjóðlegu ívafi að þessu sinni þar sem íslenskar þjóðvísur mæta sígildum jólalögum og töfrandi tónlistarævintýrum. Einsöngvarar, kórar, dansarar, bjöllumkórar og langspilssveit taka þátt í fjölbreyttri jóladagskrá en kynnis á tónleikunum er trúðurinn Barbara sem kemur öllum í sannkallað hátíðarskap.

Náttfatapartý Sinfóníunnar

15. febrúar 2025 kl. 14

Komum okkur vel fyrir í náttfatapartýi Sinfóníunnar þar sem falleg næturtónlist og ljúfar vöggvísur hljóma. Í öllum náttfatapartýjum þarf góða draugasögu, en þó einnig tónlist sem kveður niður allan draugagang svo sem titillag myndarinnar Ghostbusters. Sigurður Flosason saxófónleikari vaggar okkur í svefn með laginu Sofðu unga ástin mín og Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari fer með okkur í seiðmagnað ferðalag til Austurlanda.



Tónleikagestir eru hvattir til að mæta í náttfötum og með uppáhaldstuskudýrið í þetta skemmtilega náttfatapartý.



Karnival dýranna

10. maí 2025 kl. 14

Það ríkir sannkölluð karnivalstemning á vortónleikum Litla tónsprotans þar sem glens og grín er leiðarstefið. Jóhann Kristinsson syngur fuglafangarasöng úr Töfraflautunni eftir Mozart og flytur smellin kvæði Þórarins Eldjárns við Karnival dýranna eftir Camille Saint-Saëns. Rán Flygenring situr á stóra sviðinu og teiknar dýrin stór og smá í Karnivalinu eftir því sem ævintýrinu vindur fram. Dýrin birtast því hlustendum ljósflíandi á stóra tjaldi Eldborgarsalar líkt og fyrir töfra undir dynjandi hljóðfæraslætti.

Ævintýrið um tónelsku músina **Maxímús Músíkús** hljómaði fyrst í Háskólabíói í maí 2008. Í dag hafa fjögur ævintýri um Maxa verið gefin út, öll frumflutt af Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Ævintýrin má lesa á mörgum ólíkum tungumálum og því má með sannni segja að Maxi hafi öðlast alþjóðlega frægð. Þótt Sinfóníu-hljómsveit Íslands hafi fyrst hljómsveita kynnst Maxa hafa margar aðrar hljómsveitir, í ýmsum löndum, flutt ævintýrið fyrir unga hlustendur á öllum aldri. Höfundurinn Hallfríður Ólafsdóttir var leiðandi flautuleikari í Sinfóníuhljómsveitinni og Þórarinn Már Baldursson myndskreytir leikur á víólu í sveitinni. Sérstakur verndari verkefnisins er Vladimir Ashkenazy aðalheiðursstjórnandi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands.



Vissirðu þetta?

Prik hljómsveitarstjórans er kallað tónsproti.

Fremsti fiðluleikarinn er kallaður konsertmeistari.
Hann leiðir hljómsveitina og sér um að hún sé samstillt.



Lagið hans Maxa

Maxímús Músíkús
fann sér skjól við feiknarstórt hús.
Inn svo læddist undurhljótt
svaf í holu sætt og rótt.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús.
Maxímús Músíkús
músíkmús.



Strengjahljómur sykursætur
svífur inn í hjartarætur.
(hummað og hermt eftir strengjaleik)
Trommuslög og lipur lúðragjöll,
litlum músum vekja hlátrasköll.
Maxímús Músíkús
músíkmús.



Maxímús Músíkús
um tónlistina fróðleiksfús.
Að loknum leik við lófadyn
hneigir sig öll hljómsveitin.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús
Maxímús Músíkús
músíkmús.



*Hallfríður Ólafsdóttir,
bórarinn Már Baldursson*